

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Daníels Þórs Hilmarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Daníels Þórs Hilmarssonar. Daníel Þór fæddist 8. febrúar 1964 og lést 29. desember 2002. Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu Daníels Þórs.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla skíðaþróttina í Dalvíkurbyggð.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Dalvíkurbyggð.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000, fengið með minningargjöfum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og jafn mörgum til vara sem eru kjörnir þannig:

Helga Bryndís Magnúsdóttir, kt. 020564-5989, skipar einn stjórnarmann.

Afkomendur Daníels Þórs skipa einn stjórnarmann.

Stjórn Skíðafélags Dalvíkur skipar einn stjórnarmann.

Varamenn skulu tilnefndir af aðalmönnum. Stjórnin skipti með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn en framangreindum aðilum sem stjórnina skipa er heimilt hvenær sem er að skipta um stjórnarmann. Við fráfall Helgu Bryndísar Magnúsdóttur skipa afkomendur Daníels Þórs Hilmarssonar tvo stjórnarmenn.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum sjóðsins sé best náð. Stjórnin skal skrá samþykktir sínar í gjörðabók.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, vextir og arður af eignum hans og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins í Sparisjóði Svarfdæla. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir Ríkisendurskoðun þá í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra aðal- og varanna í stjórn og staðfestingu dómsmálaráðherra. Samþykki sömu aðila þarf til þess að leggja sjóðinn niður og skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Kattahald á Suðurnesjum sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir skulu skráðir hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja gegn greiðslu leyfisgjalds. Leyfisgjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlit með kattahaldi og greiðist einu sinni við skráningu kattarins. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun kattarins.

3. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin á Suðurnesjum setja að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélögin skulu láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

5. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en 1 mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

6. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

7. gr.

Ketti skal merkja með örmerki undir húð á miðjum herðakambi eða húðflúri í hægra eyra samkvæmt reglum sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja setur. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja heldur skrá yfir merkta ketti. Eigendum katta er skylt að tilkynna embættinu um breytingar á heimilisfangi.